

Ársskýrsla Krógabóls



Lystigarðurinn 2018

2017-2018

Anna R. Árnadóttir
Heilsuleikskólinn Krógaból
Bugðusíðu 3
603 Akureyri

ÁRSSKÝRSLA 2017-2018

Efnisyfirlit

	<i>bls.</i>
Inngangur	4
2. Almennar upplýsingar.....	4
2.1 Leikskóli.....	4
2.2 Stjórnun	4
2.3 Foreldraráð	5
2.4 Mötuneyti	5
2.5 Breytingar á lögum og reglugerðum	6
3. Börn.....	6
3.1 Fjöldi barna	6
4. Starfsmenn	7
4.1 Stöðugildi	7
4.2 Áherslur í samskiptum og samstarfi starfsmanna, starfsmannafundir og aðrir fundir.	9
4.3 Starfsmannaviðtöl, handleiðsla, móttaka nýrra starfsmanna.....	9
5. Hugmyndafræði leikskóla – stefna – skólanámskrá	9
5.1 Áherslur og markmið leikskólans	9
5.2 Foreldrasamstarf.....	12
5.3. Að mæta ólíkum þörfum.	13
6. Leikskólastarfið sl. skólaár	13
6.1 Inntak og gerð starfsáætlunar	13
6.2 Skipulag skólastarfsins	13
6.3 Starf með nemendum inni og úti	14
6.4 Að mæta ólíkum þörfum	15
6.5 Þróunar- og nýbreytnistarf	15
6.6 Ferðir og menningarviðburðir.	20
6.7 Öryggismál	22
7. Foreldrasamstarf	23
7.1 Foreldrafélag, foreldraráð.....	23

7.2	Foreldrafundir.....	23
7.3	Foreldraviðtöl - upplýsingastreymi	23
8.	Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	25
8.1	Skóladeild – leikskólafulltrúi – leikskólaráðgjafi	25
8.2	Sérfræðiþjónusta leikskólans.....	25
8.3	Háskólinn á Akureyri og Menntavísindasvið HÍ	25
8.4	Samstarf við grunnskóla	25
8.5	Annað samstarf, fræðsla eða ráðgjöf.....	26
9.	Innra mat og umbóta- eða þróunarstarf.....	26
9.1	Hvað var metið?	26
9.2	Meginniðurstaða	27
9.3	Umbóta- og þróunarstarf	27
10.	Lokaorð	28

Fylgiskjöl

1. Skóladagatal Krógabóls 2017-2018
2. Viðveruskráning barna frá september 2017 til maí 2018

Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta í starfsemi leikskólans skólaárið 2017-2018. Gerð verður grein fyrir hvernig rekstur og innra starf leikskólans gekk fyrir sig á skólaárinu. Starfsemi leikskólans var fjölbreytt og fléttast námssviðin saman á marga vegu, má þar nefna lífsleikni, heilsustefnu, málrækt og snjalltækni. Frekari upplýsingar um leikskólann eru á heimasíðu skólans; krogabol.is. og snjalltæknissíðu leikskólans; snjalltaekni.xoz.is

2. Almennar upplýsingar


2.1 Leikskóli

Leikskólinn Krógaból er staðsettur í kjallara Gleráarkirkju í 708 fm². Leikskólalóðin er 3370 fm². Heildarfermetrar pr. barn er 7.15 fm². Leikrými pr. barn er 3.45 fm². Fjöldi rýma í leikskólanum eru 99. Leikskólinn er 5 deilda og eru börnin frá 17 upp í 26 á deild. Fjöldi barna á skólaárinu eru 107.

Krógaból var stofnað af foreldrum 19. júní 1986 og hóf leikskólinn starfsemi sína í einbýlishúsi að Löngumýri 16 og voru rýmin 24, í ágúst 1989 flutti leikskólinn í Gleráarkirkju í hluta af núverandi húsnaði. Akureyrarbær tók við rekstrinum tæpu ári seinna og fjöldi barna hélst svipaður. Krógaból og leikskólinn Sunnuból, sem var við Sunnuhlíð, sameinuðust í byrjun ágúst 1994, rýmin urðu þá 72 og leikskólinn fjögurra deilda. Krógaból stækkaði aftur 3. september 2001 úr 72 rýmum í 99 rými og varð fimm deilda leikskóli.

2.2 Stjórnun

Skólastjóri ber ábyrgð á daglegri stjórnun, skipulagi og faglegu starfi leikskólans í samráði við aðstoðarleikskólastjóra. Deildarstjórar bera ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni. Sérkennslustjóri hefur umsjón með skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt stjórnendum. Matráður stýrir starfi í eldhúsi. Stjórnendafundir eru haldnir aðra hvora viku og oftast ef þurfa þykir en fundina sitja stjórnendur skólans, sérkennslustjóri og deildarstjórar.



2.3 Foreldraráð

Í lögum um leikskóla segir: „Kjóra skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólustjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjár foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn“. Í foreldraráði Krógabóls sitja þrjár foreldrar ásamt leikskólustjóra og var fundað þrisvar sinnum á skólaárinu. Á fundunum var farið yfir hlutverk ráðsins, skóladagatal leikskólans, rætt um viðburði, aðbúnað og fleira.

2.4 Mötuneyti

Krógaból er heilsuleikskóli. Í viðmiðum fyrir heilsuleikskóla segir: „Stuðla skal að góðum matarvenjum og hollustu með áherslu á ferskleika og fjölbreytni. Leggja skal áherslu á að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu barnanna og nota sykur og salt í hófi. Vatn skal vera aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn. Við samsetningu matseðla skal tekið mið af markmiðum Lýðheilsustöðvar. Leikskólinn leggur áherslu á að hafa fjölbreyttan, næringarríkan og hollan mat. Matartíminn er hluti af námi barnsins í leikskólanum og er áhersla lögð á að fræða börnin um mikilvægi þess að borða hollan og góðan mat. Um áramótin 2011-2012 innleiddi Skóladeild Akureyrar nýjan sameiginlegan mataseðil í alla

leik- og grunnskóla. Gerður var sjö vikna matseðill sem rúllar allt árið. Matseðillinn uppfyllir kröfur um hollan og næringarríkan mat fyrir leik- og grunnskólabörn.

2.5 Breytingar á lögum og reglugerðum

Ný aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla kom út í maí 2011. Í febrúar 2012 var byrjað að vinna að nýrri aðalnámskrá á starfsdegi leikskólans. Í janúar 2014 óskaði leikskólinn eftir handleiðslu frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri við vinnu að nýrri aðalnámskrá leikskólans. Fulltrúar frá HA voru Rannveig Oddsdóttir og Helga Rún Traustadóttir, sérfræðingar við Miðstöð skólaþróunar HA en í stjórnunarteymi leikskólans vegna námskráargerðar eru leikskólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri. Eftir miklar umræður og vangaveltur vorið 2014 var ákveðið að vinna námskrána þannig að hún yrði árgangamiðuð. Kennarar leikskólans unnu í hópum og gerðu námskrá og matsblöð. Þessi vinna gafst vel og útkoman var skýrar og handhægar árgangamiðaðar námskrár fyrir kennara sem voru prufukeyrðar skólaárið 2014-2015. Á skólaárinu 2016-2017 voru námskrárnar endurskoðaðar og lagfærðar af kennurum.

3. Börn

3.1 Fjöldi barna


Fæðingarár	Kyn	Vistunartími					Samtals
		4 klst.	5 klst.	6 klst.	7 klst.	8 klst.	
2012	Drengir			2	3	12	17
2012	Stúlkur			1	2	13	16
2013	Drengir			3		17	20
2013	Stúlkur			1	1	15	17
2014	Drengir				2	3	5
2014	Stúlkur				2	11	13
2015	Drengir					5	5
2015	Stúlkur				1	3	4
2016	Drengir				1	6	7
2016	Stúlkur					3	3
Samtals				7	12	88	107

Sérkennsla

65% sérkennslustjóri

4,5% stöðugildi vegna sérkennsla

8 börn með sérkennslu



4. Starfsmenn

4.1 Stöðugildi

Heimiluð stöðugildi í leikskólans á skólaárinu voru 22,65.

Stöðugildi á deildum var 14,50%.

Heildarfagmenntun í skólanum þegar allir starfsmenn eru taldir með er 85,73%.

Fjöldi starfsmanna í leikskólanum var 34

Skipting faghópa og leiðbeinenda:

1 leikskólastjóri	FSL
1 aðstoðarleikskólastjóri (40% staða)	FSL
1 sérkennslustjóri (65%)	FL
16 leikskólakennarar	FL
1 grunnskólakennari	FL
1 BS í Sálfræði	FL

1 BA í nútímafræði	FL
1 Íþróttافرæðingur	FL
1 þroskaþjálfari	ÞÍ
1 matartæknir	Matvís
2 aðstoðarmatráðar eldhúsi	Eining Iðja
6 leiðbeinendur	Eining Iðja
1 starfsmaður á vegum atvinnumiðlunar fatlaðra í 63,5% stöðu	Eining Iðja

Á árinu fékk leikskólinn húsvörð í 10% starf, samtals 2 klukkustundir á viku (húsvörðurinn kom frá Síðuskóla og byrjaði í febrúar 2017)

Skipting stöðugilda 1.okt. 2017.

Stjórnun	1,40
Á deildum	14,50
Afleysing v/undirbúnings	2,25
Afleysing v/veikinda	2,25
Eldhús	2,00
Annað	0,25
Samtals	22,65

Veikindi og fjarvera

Leikskólakennari í 100% stöðu fór í veikindaleyfi í ágúst 2015 til ágúst 2016, síðan á sjúkradagpeninga frá KÍ í eitt ár. Í ágúst 2017 var gerður starfslokasamningur við kennarann og fékk hann lokagreiðslu í desember 2017.

Leikskólakennari í 100% stöðu fór í veikindaleyfi í febrúar 2016 í eitt ár til febrúar 2017, síðan á sjúkradagpeninga hjá KÍ til febrúar 2018. Þá var gerður starfslokasamningur við hann og var lokagreiðsla í ágúst 2017.

Leikskólakennari í 68.44% fór í veikindaleyfi 18. apríl 2017 til október 2017 síðan á sjúkradagpeninga hjá KÍ í 6 mánuði til október 2017 og er í launalausum veikindaleyfi.

Leikskólakennari í 100% stöðu fór í veikindaleyfi í júní 2017 til 31. september 2018 og fór þá í 50% starf og 50% veikindi.

Leikskólakennari í 80% stöðu var í veikindaleyfi hluta af júní og hluta af ágúst 2018

Önnur forföll starfsmanna voru allt frá einum degi og upp í viku. Gerðir voru starfslókasamningar á árinu við tvo kennara sem áttu ekki afturkvæmt til vinnu úr löngu veikindaleyfi.

4.2 Áherslur í samskiptum og samstarfi starfsmanna

Skipulagsdagar og starfsmannafundir voru sex á árinu frá kl. 8:00-16:00. Fundardagar og starfsdagar eru notaðir í starfsþróun, skipulag leikskólastarfsins og deildarfundi.

Deildarstjórafundir voru annan hvern föstudag og stundum oftast ef þörf var á. Hver deild fékk á skólaárinu 2017-2018 fjórar klukkustundir í yfirvinnu á hvern starfsmann til að halda deildarfundi eftir að dagvinnu lauk. Annan hvern föstudag voru aðrir fundir haldnir t.d. málrættarfundir, skemmtinefndarfundir, aganefndarfundir o.fl. Á vorönn 2016 hóf leikskólinn tilraun með að hafa fundarvikur á fimm vikna fresti frá kl. 10:00-11:00. Á þessum fundarvikum voru deildarfundir og árgangafundir til skiptis og þannig rúllaði fundarplanið fram á vor 2017. Þetta fyrirkomulag á fundarplani gafst vel. Haustið 2017 voru deildarfundir haldnir einu sinni fyrir áramótin og einu sinni eftir áramótin á dagvinnutíma.

4.3 Starfsmannaviðtöl, handleiðsla, móttaka nýrra starfsmanna

Nýr starfsmaður fer í samtal við leikskólastjóra á fyrsta degi þar sem farið er yfir stefnu leikskólans, námskrá, handbók starfsmanna og foreldrahandbók leikskólans. Nýr starfsmaður fær þrjá til fimm daga aðlögun. Starfsmaðurinn fylgir leikskólakennara eftir í þrjá daga. Starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn leikskólans fóru fram á vorönn. Starfsmenn eiga ávallt greiðan aðgang að stjórnendum og geta leitað til þeirra hvenær sem er.

5. Hugmyndafræði leikskóla – stefna – skólanámskrá

5.1 Áherslur og markmið leikskólans

Sýn Krógabóls er að efla siðferðisvitund barna og fullorðinna í þeim tilgangi að verða bæði góð og fróð manneskja.

Hugmyndafræði

Starfið á Krógabóli byggir á fjórum meginstoðum; lífsleiknikennslu, heilsustefnu, sköpun og málrækt. Þessar fjórar grunnstoðir eiga vel saman og með þær að leiðarljósi getur leikskólinn unnið að aðalmarkmiðinu sem er að stuðla að heilbrigðri sál í hraustum líkama.

Leikskólinn hefur þróað og markað stefnu leikskólans í gegnum nokkur þróunarverkefni, þau eru: Lífsleikni í leikskóla og Veggurinn – málrækt í leikskóla, einnig var mikið þróunarstarf unnið þegar leikskólinn gerðist aðili að Samtökum heilsuleikskóla.

Lífsleikni í leikskóla

Krógaból vann þróunarverkefnið „Lífsleikni í leikskóla“ ásamt leikskólunum Síðuseli og Sunnubóli árin 2001 til 2004 og byggir lífsleiknikennslan/dygðakennslan á því verkefni. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar og öðlist trú á eigin getu. Að börnin tileinki sér innri aga, séu fær um að sýna kurteisi og samkennd og temji sér virðingu fyrir umhverfi sínu. Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar eins og gleði, sorg og reiði og læri að hafa taumhald á þeim.

Á hverjum vetri eru teknar fyrir tvær dygðir og síðasta vetur voru það:

Hjálpsemi frá 1. október til 31. desember 2017

Polinmæði og hófsemi frá 1. febrúar til 30. apríl 2018

Heilsuleikskólinn Krógaból

Krógaból hefur verið heilsuleikskóli frá því í júní 2007. Í leikskólanum er því starfað eftir viðmiðum heilsustefnunnar þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barna og starfsfólks með áherslu á hreyfingu og holla næringu ásamt listsköpun í leik og starfi.

Mikið er lagt upp úr að fara með börnin í vettvangsferðir og bjóða þeim upp á skipulagðar hreyfistundir með kennara í sal. Öll börn fara einu sinni í viku í salinn þar sem unnið er á fjölbreyttan hátt með hreyfingu.

Til að fylgjast með þroska hvers barns og samskiptum í leikskólanum, eru gerðar skráningar sem færðar eru inn í heilsubók barnsins. Heilsubókin hefur að geyma ýmsar upplýsingar um barnið t.d. heilsufar, hreyfingu, næringu, hæð, þyngd, færni í

fínhreyfingum og ýmislegt fleira. Skráð er í heilsubókina tvisvar á ári og eru niðurstöður kynntar í foreldraviðtölum. Bókin fylgir barninu á milli deilda og í lok leikskólagöngu fær barnið bókina til eignar.

Veggurinn – málrækt í leikskóla

Veturinn 2014-2015 var málræktin tekin til endurskoðunar á Krógabóli og jafnframt unnin ný aldurstengd námskrá fyrir leikskólann. Markviss málörvun var aukin hjá öllum aldursópum, búið var til nýtt efni og það sem til var í leikskólanum var flokkað og staðsett miðsvæðis. Aðgengi kennara að málörvunarefni jókst til muna og auðveldaði öllum kennurum leikskólans að vinna með málrækt á markvissan hátt.

Markmiðið með þróunarverkefninu var heildstæð nálgun á málrækt. Liður í því var að búa til skýra námskrá fyrir hvert aldursár og matsblöð þar sem kennarinn metur starfið jafnóðum, búnar voru til kennsluleiðbeiningar þar sem hreyfing og dygðakennsla var samþætt inn í verkefni í samræmi við stefnu leikskólans. Mikið var lagt upp úr að verkefni væru skemmtileg og að börnin læri málið í gegnum leik.

Verkefnið dregur nafn sitt af því að allt málörvunarefni leikskólans var sett á áberandi stað miðsvæðis í húsnæðinu. „Veggurinn“ sem varð fyrir valin varð þannig að þungamiðju verkefnisins. Þar var málörvunarefnið flokkað niður í sex flokka eftir litum. Flokkarnir eru: almenn málörvun, hljóðkerfisvitund, lestrarhvetjandi efni, sögugrunnur, stærðfræði og bókaverkefni.

Mikill áhugi skapaðist meðal kennara og barna á að vinna þematengd verkefni tengd bókum og/eða vísunum og þulum í tengslum við þróunarverkefnið. Þessi vinnuaðferð hefur gefist afar vel.

Árið 2015-2016 fékk leikskólinn styrk til að halda áfram með verkefnið og bæta spjaldtölvum inn í starfið.

Veggurinn – málrækt í leikskóla miðar að því að auka færni barna á íslenskri tungu, vekja áhuga þeirra á bókum og kenna þeim að vera læs á umhverfi sitt í gegnum leik.

Leikurinn

Leikur er nám. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barna. Í gegnum leikinn öðlast börnin fjölbáttá reynslu, þau skynja nýjar tilfinningar, nýjar upplifanir, efla samskipti sín á milli og öðlast færni til að ráða fram úr sínum ágreiningsefnum.

Markmið Krógabóls

- Að börn, foreldrar og starfsfólk séu ánægð og líði vel í leikskólanum.
- Að efla jákvæða sjálfsvitund, sjálfstraust og sjálfsmynd barnanna þannig að þau verði sjálfstæðir einstaklingar.
- Að börnin öðlist skilning á tilfinningum sínum og annarra, sýni samkennd og beri virðingu fyrir umhverfi sínu.
- Að siðferðisvitund barna eflist í þeim tilgangi að þau verði bæði góð og fróð.
- Að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist milli heimilis og skóla.
- Að bjóða upp á fjölbreytt skapandi nám sem efli alhliða þroska barnsins, veki með því forvitni og örvi hugmyndaflug þess.

5.2 Foreldrasamstarf

Leikskólinn leggur mikla áherslu á:

- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.
- Að afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra.
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.
- Að skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Markmið skólans er:

- Að taka ávallt vel á móti börnum og foreldrum.
- Að leggja áherslu á góð og jákvæð samskipti við foreldra.
- Að það skapist gagnkvæmt traust milli heimili og skóla.
- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.

5.3. Að mæta ólíkum þörfum

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri í 65% stöðu. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og hefur umsjón með því starfi sem snýr að börnum með sérþarfir. Hann ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati á sérkennslu. Sérkennslustjóri er í samstarfi við sérkennsluráðgjafa og aðra sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem njóta sérkennslu. Hann situr fundi þar sem fjallað er um málefni barna sem þurfa sérfræðiaðstoð eða sérkennslu í leikskólum. Á árinu var sérkennsla og stuðningur á fjórum deildum af fimm.

6. Leikskólastarfið sl. skólaár

6.1 Inntak og gerð starfsáætlunar

Kennarar og leiðbeinendur unnu á skólaárinu eftir aldursmiðaðri námskrá. Í námskránni var höfð að leiðarljósi stefna leikskólans sem og grunnþættir menntunar. Matsblöð eru fyrir hvern námsþátt og meta kennarar og skrifa inn í matið jafn og þétt yfir veturinn.

Skipulögð hreyfing var í salnum þrjá daga vikunnar bæði fyrir og eftir hádegið. Einn kennari hefur umsjón og skipuleggur hreyfinguna í salnum. Í hreyfistundum er lögð áhersla á fjölbreytta hreyfingu og yoga. Unnið er með hreyfingu bæði inni og úti. Einnig hafði leikskólinn aðgang að íþróttahúsinu við Síðuskóla aðra hverja viku á mánudögum frá 8:00 - 11:00.

6.2 Skipulag skólastarfsins

Í leikskólanum eru fimm deildir og er hver deild með sitt skipulag miðað við aldur barna. Nýtt dagskipulag tók gildi 1. október 2013. Kennarar og leiðbeinendur höfðu unnið að endurskoðun og breytingum á dagskipulaginu frá hausti 2012. Í dagskipulagi var áhersla lögð á að hver hópstjóri fengi lengri samfelldan tíma með sínum barnahópi sem hefur tekist mjög vel. Almenn ánægja var innan leikskólans með nýtt og breytt dagskipulag, hver hópstjóri náði betri tókum á sínum barnahóp, fékk lengri tíma í hópavinnu og meiri agi náðist í barnahópnum. Unnið er með lífsleikni, heilsustefuna og læsi í hópastarfi. Áfram er unnið að innleiðingu snjalltækja/spjaldtölva í leik og starfi með börnunum sem var styrkt þróunarverkefni í leikskólanum. Unnið hefur verið með ýmis öpp og börnunum kennt að gera bæði sögubækur í gegnum Book creator og einnig sögur í gegnum Puppet pals. Einnig

hefur verið unnið með ýmis námsgögn í gegnum snjalltæki eins og Osmo, ýmis stærðfræðiforrit, þjálfunarforrit o.fl.

Dagskipulag Krógabóls 2017-2018

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Salur f.h.	Hreiðrið	Öspin	Spóinn	Lóan	Björkin
Listasmiðja	Spóinn	Öspin	Björkin	Lóan Hreiðrið	
Vettvangsf.	Björkin Lóan	Spóinn		Spóinn Öspin Hreiðrið	
Hópavinna	Öspin Spóinn	Lóan Hreiðrið Spóinn Björkin	Lóan Hreiðrið Spóinn	Lóan Björkin Spóinn	
Málrækt	Hr. alla daga	Björkin Lóan	Öspin 5 ára b. Spóinn	Spóinn	
Frjáls salur	Hreiðrið	Öspin	Spóinn	Lóan	Björkin

6.3 Starf með nemendum inni og úti

Við skipulagningu á vetrar- og sumarstarfi leikskólans er lögð áhersla á að það tengist stefnu, markmiðum og námsefni leikskólans. Allt árið fer hver deild með nemendum þriggja ára og eldri einu sinni í viku í vettvangsferðir. Vettvangsferðir eru skipulagðar með það í huga að kenna börnunum að skoða og rannsaka sitt nærumhverfi og fleiri markverða staði á Akureyri sem börn og kennarar eiga auðvelt með að komast á. Markmiðið er m.a. að kenna börnunum um náttúru og umhverfi með áherslu á hreyfingu.

Skólaleikur

Skólaleikur var starfræktur frá 7. ágúst til 20. ágúst í Síðuskóla fyrir þau börn sem voru að hefja skólagöngu í Síðuskóla um haustið. Síðuskóli sá um skipulagningu og framkvæmd starfsins með aðstoð frá hverfisleikskólunum. Fyrri vikuna voru 28 börn og seinni vikuna voru 38 börn. Tveir kennarar voru frá Krógabóli og einn kennari frá Hulduheimum. Starfið gekk vel skólaleikurinn hafði afnot af frístund, Kátalofti, íþróttasalnum. Matráður Síðuskóla sá um matinn. Mikil áhersla var lögð á hreyfingu, útiveru og að börnin kynntust

aðstöðunni í skólanum, lærðu að vera á opnu leiksvæði og bæru ábyrgð á eigin gjörðum. Foreldrar voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og mættu börnin glöð og ánægð í skólann.

6.4 Að mæta ólíkum þörfum

Á Krógabóli er lögð áhersla á að mæta náms- og félagslegum þörfum allra barna. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir þar sem sveigjanleiki, hvetjandi námsumhverfi og fjölbreyttir kennsluhættir eru hafðir að leiðarljósi. Leikskólinn leggur metnað sinn í að mæta öllum þeim þörfum og aðstæðum sem upp koma í leikskólanum. Unnið er úr málum og aðstæðum á eins faglegan hátt og unnt er og lögð áhersla á hugmyndafræðina um skóla fyrir alla og snemmtæka íhlutun.

6.5 Þróunar- og nýbreytnistarf

Leikskólinn vann þróunarstarf á árunum 2001-2004 um lífsleikni í leikskóla og gaf út Kennsluefnið lífsleikni í leikskóla haustið 2007. Krógaból fékk viðurkenningu sem Heilsuleikskóli 1. júní 2007. Leikskólinn óskaði í júní 2014 eftir samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA til að efla málþroska og læsi barna á leikskóla. Var beiðnin samþykkt og veittu ráðgjafar frá Miðstöð Skólaþróunar HA ráðgjöf inn í leikskólann einu sinni í mánuði og gafst sú vinna mjög vel. Í kjölfarið var sótt um styrk í Sprotasjóð leik- og grunnskóla í febrúar 2015 til að vinna áfram með málörvun, læsi og spjaldtölvur í leik með börnum en heiti verkefnis er: Læsi og námsumhverfið í leikskólanum – að koma á mótis við nýja kynslóð. Leikskólinn fékk styrk upp á 2 milljónir í verkefnið og var unnið að því veturinn 2015-2016 með aðstoð frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Þar sem þessi vinna gafst vel var ákveðið að sækja aftur um styrk til Sprotasjóðs til að geta haldið áfram að vinna að nýsköpun í leikskólanum. Heiti verkefnis er: *Nýsköpun og snjalltækni – að koma til mótis við nýja kynslóð*. Leikskólinn fékk í maí 2016 styrk upp á 3,5 milljónir til nýsköpunar frá Sprotasjóði. Í kjölfarið var ráðinn verkefnastjóri í 30% starf sem hafði það hlutverk að halda utan um og vera stuðningur við kennara í þróunarverkefninu. Formlegri vinnu við þróunarverkefnið lauk formlega í maí 2018. Leikskólinn hannaði öfluga og fræðandi vefsíðu um afrakstur þróunarverkefnisins en síðan var opnuð formlega 1. desember 2017. Á vefsíðunni má m.a. að finna skýrslur, öpp, verkefni eftir börnin og fleira fróðlegt efni sem tengist læsi og snjalltækni. Slóðin inn á snjalltækni vefsíðu

Krógaból er; snjalltaekni.xoz.is. Einnig er slóð inn á snjallsíðuna af heimasíðu Krógaból; korgabol.is

6.5 Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun

Leikskólinn hafði sex skipulagsdaga á skólaárinu;

Skipulagsdagar 14. september og 15. september.

Fimmtudagurinn 15. september frá kl. 8:00-16:00

Leikskóli fyrir alla - hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir sem bæta hegðun og líðan barna og starfsfólks. Fyrirlesari: Elísa Guðnadóttir, sálfræðingur við Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Efni: Leikskóli á að vera fyrir alla, óháð þjóðerni, þroska og hegðun. Starfsfólk leikskóla þarf því að geta mætt ólíkum þörfum barna, aðlagð umhverfið að börnunum og tekist á við hegðunar- og tilfinningavanda á árangursríkan hátt.

Á námskeiðinu læra þátttakendur hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir barna í leikskólanum og hafa það markmið að bæta hegðun og auka vellíðan. Námskeiðið samanstendur af fyrirlestri, sýnidæmum, verkefnavinnu og umræðum. Kynntar verða aðferðir meðal annars til að skipuleggja umhverfið, mæta hreyfi- og snertipörf barna með ADHD og skyldar raskanir, kenna félagsfærni, efla sjálfstraust og fyrirbyggja og takast á við erfiða hegðun og mótþróa á einfaldan hátt hjá einstaka börnum, litlum hópum og deild/leikskóla í heild. Aðferðirnar verða settar í samhengi meðal annars með umfjöllun um samsetningu barnahópsins og um eðli hegðunar. Þátttakendum gefst færi á að æfa sig í að kortleggja vanda barns, gera áætlun um notkun aðferða, fá ráðleggingar um notkun þeirra og skoða kennslugögn. Markmiðið er að hver og einn tileinki sér að minnsta kosti 2 til 5 aðferðir til að bæta hegðun og auka vellíðan barna og starfsfólks í leikskólanum.

Föstudagurinn 15. september

Kl: 8:10-8:45 Heimir Ingimarsson frá Tónlistarskóla Akureyrar með kynningu á fyrirhugaðri tónlistarkennslu í leikskólum Akureyrar á komandi vetri

Kl: 8:45-12:00 Starfsmannafundur

Kl:12:45-14:00 Árgangafundir

Kl: 14:00-16:00 Deildarfundir

Skipulagsdagur 27. október frá kl. 8:15-16:00

Gaman saman, lærum saman

Sameiginlegur starfsdagur leikskóla 17. október 2017 í Naustaskóla á Akureyri frá kl. 8:15-11:45.

Málstofur

1. LAP fjölmeningaraðferðin. Fyrirlesari: Drífa Þórarinsdóttir, Tröllaborgum
2. Jákvæður agi. Fyrirlesari: Jónína Hauksdóttir, Naustatjörn
3. Lesleikur og þróunarverkefni í stærðfræðiskimun MIO matslistinn
Fyrirlesarar: Hafdís Ólafsdóttir og Ólöf Pálmadóttir, Pálmholti
4. Hugleikur, samræða til náms. Fyrirlesarar: Helga María Þórarinsdóttir og Ingi Jóhann Friðjónsson, Lundarseli
5. Hópleikur 2ja ára með áherslu á þátttöku starfsmanna. Fyrirlesarar: Helga Stefanía Þórsdóttir og Svala Ýrr Björnsdóttir, Lundarseli
6. Stór skrímsli gráta ekki, þemaverkefni. Fyrirlesari: Inda Björk Gunnarsdóttir, Kiðagili
7. Lífsleikni í leikskóla. Fyrirlesari: Guðrún Óðinsdóttir, Hulduheimum
8. Jógasmiðja. Fyrirlesarar: Harpa Steingrímsdóttir og Petrea Ósk Sigurðardóttir, Tröllaborgum
9. Læsi – stöðvavinna. Fyrirlesarar frá Kiðagili
10. Nýsköpun og snjalltækni, að koma til móts við nýja kynslóð. Fyrirlesarar: Jórunn E. Jóhannsdóttir og Íris Kristinsdóttir, Krógabóli
11. Samverustundir. Leikur að læra og heimspeki. Fyrirlesarar: Birgitta Ósk Sveinbjörnsdóttir og Guðbjörg Úlfarsdóttir, Lundarseli
12. Skiptir stærðin máli? Fyrirlesari: Eydís Elva Guðmundsdóttir, Hulduheimum Koti
13. Yngstubarna starf í leiksólanum Pálmholti. Fyrirlesarar: Heiðdís Björk Karlsdóttir og Dóra Rún Kristjánsdóttir, Pálmholti
14. Lubbi og læsi í Laut, starfið með 5 ára börnunum. Læsisstefna í praxis.
Fyrirlesarar: Anna Lilja Sævarsdóttir og Þórunn Hafsteinsdóttir, Tröllaborgum
15. Matráðar. Fyrirlesari: Bryndís Símonardóttir
16. Notkun tónlistar í starfi með börnum. Fyrirlesari: Lísbet Reykjalín, Naustatjörn

17. Smiðja: Læsi snjalltækni, kynning á helstu öppum/forritum í kennslu. Kennarar í Krógabóli
18. Það er leikur að læra íslensku. Að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna. Fyrirlesari: Íris Rún Andersen og Ólöf Jónasdóttir, Iðavöllum
19. Sögupokar Síðusels. Fyrirlesari: Eva Dröfn Möller, Hulduheimum Seli
20. Maður lenti í þessu – kynning á meistaraverkefni. Fyrirlesari: Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi
21. Rjúfum hefðirnar, jafnrétti. Fyrirlesari: Helga María Þórarinsdóttir, Lundarseli

Krógaból frá kl.13:30-16:00

Kl. 13:30 -16:00 Sigrún Hulda Jónsdóttir formaður Samtaka Heilsuleikskóla með kynningu á Heilsubók barnsins

Skipulagsdagur 2. janúar 2018 leikskólinn lokaður.

Kennarar og starfsfólk í fríi vegna starfsmannafunda eftir kl. 16:00

Starfsmannafundur 7. september 2017 frá frá kl. 16:30-18:30

Efni: námskrá deilda o.fl.

Starfsmannafundur 7. október 2017 frá kl. 16:30-18:30

Efni: Kynning á Vinnustund o.fl.

Starfsmannafundur 25. janúar 2018 frá kl. 16:30-18:30

Efni: Ný skólastefna Akureyrar, hópavinna o.fl.

Skipulagsdagur 26. mars frá kl. 12:30-16:00

Kl. 12:30-14:00 Starfsmannafundur

Kl. 14:00-16:00 Deildarfundir

Sumarlokun leikskólans var frá 9. júlí til 3. ágúst 2018

Leikskólinn lokaði kl. 14:00 föstudaginn 6. júlí og voru starfsmenn í frágangi og fleiru til kl.16:00

Leikskólinn opnaði þriðjudaginn 6. ágúst kl.10:00. Frá kl. 8:00 -10:00 voru kennarar m.a að undirbúa leikskólann fyrir komandi starf og síðan var starfsmannafundur

Skipulagsdagur 11. maí 2018 frá kl. 8:15-12:00

Hópavinna: Hvaða breytingar/úrbætur þarf að gera í leikskólanum til að starfið gangi vel og öllum líði vel bæði börnum og starfsmönnum veturinn 2018-2019

Hópur 1. Útisvæði - Öspin

Hópur 2. Fataherbergi – gangur - Björkin

Hópur 3. Snyrtingar – Spóinn

Hópur 4. Matartímar og hvíld – Lóan

Kennarar í Hreiðrinu velja sér hóp

Dagskipulag o.fl.

Seselja Sigurðardóttir ráðgjafi á Fræðslusviði var kennarahópnum til aðstoðar í hópavinnunni.

Íris Kristinsdóttir kynnti forrit sem gott er að vinna með í hópavinnu.

Kl. 13:00-16:00. Fyrirlestur: Frá streitu til slökunnar síðan æfingar og 30 mín. slökun í lokin. Fyrirlesari: Sigríður I. Helgadóttir

Fræðsla og starfsþróun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

- Skólastjóri sat samráðsfundi stjórnenda leikskóla tvisvar sinnum í mánuði. Umsjónamaður fundana var Hrafnhildur Sigurðardóttir leikskólafulltrúi.
- Skólastjóri sat í nefnd sem skipulagði ráðstefnuna *Gaman saman, lærum saman* sem haldin var 27. október 2017 í Naustaskóla.
- Haustið 2017 var ákveðið að halda sameiginlega fundi stjórnenda leik- og grunnskóla og eru þeir haldnir einu sinni í mánuði frá kl. 10:00-12:30 að Glerárgötu 26.
- Skólastjóri sat í ferðanefnd ásamt tveimur öðrum skólastjórum leikskóla sem höfðu það verkefni að skipuleggja náms- og kynnisferð fyrir leikskólastjóra, leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa og sérkennsluráðgjafa.
- Skólastjóri sat kynningu hjá starfsmannastjóra og starfsmönnum Launadeildar þar sem farið var yfir verklag og efni tengd launum og vinnustund.
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu kynningu um skólakerfið Karellen.
- Leikskólastjóri var einu sinni í mánuði í markþjálfun ásamt þremur öðrum stjórnendum leik- og grunnskóla. Umsjónamaður var Sigurbjörg Rún Jónsdóttir.
- Skólastjóri sat tvo fundi hjá Fræðsluráði Akureyar á árinu.

- Skólastjóri sat námskeið um gerð áhættumats 20. febrúar 2018 í Lionssal ásamt öryggistrúnaðarmanni leikskólans. Kennari var Valgeir Sigurðsson.
- Skólastjóri sat námskeið um Starfsþróun kennara. Forysta og ánægja í starfi 22. febrúar 2018 í Háskóla Íslands.
- Skólastjóri sat námskeið sem hét: Verkfærakista stjórnandans og samskipti á vinnustað. Fyrirlesari Raket Heimarsdóttir.
- Skólastjóri fór í náms- og kynnisferð ásamt fleiri leikskólastjórum. Farið var til Brighton á Englandi þar sem boðið var upp á tvö námskeið og skólaheimsókn.
- Skólastjóri sat námskeið sem hét: Hlutverk stjórnandans, forvarnir og mat 7. mars 2018. Fyrirlesarar voru Sigrún V. Heimisdóttir og Elsa Heimisdóttir.
- Skólastjóri sat námskeið sem hét: Vinnutengd streita og kulnun 17. maí 2018. Fyrirlesari, Jóhanna Ella Jónsdóttir.
- Skólastjóri sat starfsdag stjórnenda Akureyrarbæjar í Hlíðarbæ 23. maí 2018.
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu aðalfund Heilsuleikskóla 8. maí 2018 í Reykjavík.
- Leikskólastjóri var varamaður í skólamálanefnd FSL og fór á nokkra fundi á árinu.
- Aðstoðarleikskólastjóri var í samninganefnd FSL og fór suður á nokkra fundi á árinu.

Ráðstefnur og námskeið fyrir kennara og leiðbeinendur

- Raddfræðsla fyrir nýja starfsmenn. Fyrirlesari Valdís Jónsdóttir radd- og talmeinafræðingur. Einn starfsmaður fór.
- Námskeið í skipulagðri kennslu (Teacch) í Háskólanum á Akureyri 16., 17. og 18. janúar 2017. Þrjú kennarar fóru.
- Kynning á forritum fyrir leikskóla haldið í Háskólanum á Akureyri 22. janúar 2018. Þrjú kennarar fóru.
- Kennarar fóru á námskeið: Yngstu börnin í leikskólanum. Einn kennari fór.

6.6 Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir, hátíðir og aðrar upptakomur í starfi skólans.

Menningarviðburðir:

Farið var á Minjasafnið með elstu börnin og einnig fór hluti af börnunum í heimsókn á Amtbókasafnið.

Sveitaferð var farin laugardaginn 21. maí að Kristnesi í Eyjafjarðarsveit frá kl.10:00-12:00. Sveitaferðin var skiplögð af stjórn foreldrafélagsins, mæting var góð. Tónlistarhátíð fjörurra og fimm ára barna í leikskólum Akureyrar var haldin í febrúar og í maí í Hofi.

Farið var í kynningarferðir með barnahópa á Listasafnið og skoðaðar sýningar sem þar voru í boði.

Allt árið er farið í ýmsar ferðir frá leikskólanum, bæði gangandi eða með strætó t.d. í Lystigarðinn, Andapollinn, Kjarnaskóg, Krossanesborgir, Hof, Bogann, berjaferð, fjöruferð o.fl.

Krógaból var boðið í ár að taka þátt í samsýningu í Listasafni Akureyrar sem hét *Sköpun bernskunnar* ásamt nokkrum öðrum leik-og grunnskólaum á Akureyri og er þetta árlegur viðburður í Listasafninu. Þema sýningarinnar voru „Tröll“ þátttakendur frá Krógabóli voru 4 ára börnin og var sýningin opnuð 24. mars 2018.

Hátíðir og hefðir:

Ævintýradagur var skipulagður föstudaginn 24. nóvember en vegna veðurs og ófærðar var hann færður til mánudagsins 27. nóvember, þá er leikskólinn skreyttur í hólf og gólf. Búningar og ýmislegt glingur var dregið fram og prufað og vekur þessi dagur alltaf upp mikla gleði hjá börnum og kennurum.

Kaffihúsastemming var í Krógabóli vikuna 5-7. desember en þá eru foreldrum boðið að koma í leikskólann og eiga notalega stund með sínu barni. Ákveðið var að tvær deildir væru með kaffihús á sama degi og síðan yngsta deildin ein. Boðið var uppá kakó, brauð og grænmeti og er þessi dagur kominn til með að vera.

Jólaball var laugardaginn 9. desember, börn og foreldrar mættu þrúðbúin frá kl. 15:30-16:30 og var jólaballið með hefðbundnu sniði. Börnin fengu jólapakka sem jólasveinninn afhenti þeim, stjórn foreldrafélagsins valdi gjöfina og í ár var gjöfin bók.

Ömmu og afakaffi er haldið fyrir áramótin ár hvert, börnin baka t.d. bollur og bjóða í kaffi, þátttaka hefur verið mjög góð. Foreldrakaffi er haldið eftir ármótin börnin bjóða foreldrum í kaffi og meðlæti og er þáttakan alltaf góð.

Þorralót var haldið 19. janúar. Boðið var upp á hefðbundinn þorramat á milligangi og í heimsókn kom harmonikkuleikarinn Númi S. Adólfsson sem spilaði meðan á borðhaldi stóð.

Leikfangadagur er einu sinni á ári, í janúar þá mega börnin koma með eitt leikfang að heiman í leikskólann.

Dagur leikskólans er 6. febrúar ár hvert og að því tilefni var leikskólinn með Krógabólsfjör í Boganum, fjölnotaíþróttahúsi Þórs. Boðið var upp á mismunandi hreyfileiki fyrir börn, kennara og foreldra.

Skemmtiferð 6 ára barna fór fram 29. maí á Greifanum frá kl. 11:30-13:00 og er þessi ferð hluti af útskrift elstu barna leikskólans.

Vorhátíð Krógabóls var haldin 24. maí frá kl. 14:00-15:30. Byrjað var á því að útskrifa elstu börn leikskólans og síðan var boðið upp á grillaðar pylsur. Foreldrafélagið bauð upp á þrautabrut fyrir börn og foreldra og vatnsrennibraut í brekkunni börnunum til mikillar gleði.

6.7 Öryggismál

Við leikskólann er starfandi nefnd sem er kölluð „litli rauði krossinn“. Til hennar er leitað ef slys eða óhapp verður innan leikskólans. Ákveðið var að halda skyndihjálparnámskeið þriðja hvert ár í leikskólanum fyrir alla starfsmenn leikskólans. Slysaskráning barna er í leikskólanum.

Leikskólinn setur sér markmið að hafa eldvarnir í lagi. Í húsinu er fullkomið eldvarnarkerfi og rýmingaráætlun. Samstarf er milli slökkviliðsins og leikskólans um að auka öryggi barna og starfsfólks með öflugum eldvarnaeftirliti og fræðslu. Slökkviliðið heimsækir leikskólann tvisvar á ári annars vegar til að skoða hvernig eldvörnum er háttað og ráðleggja með úrbætur og hins vegar að ræða við elstu börnin um eldvarnir. Í samstarfi við slökkviliðið er verkefni í leikskólanum fyrir elstu börnin sem heitir *Aðstoðarmaður slökkviliðsins* en það felur í sér að elstu börnin fara yfir ákveðna öryggisþætti einu sinni í mánuði með kennara og er það skráð á þar til gerð eyðublöð. Slökkviliðið býður í maí ár hvert öllum 6 ára börnum Akureyrarbæjar í heimsókn á Slökkvistöðina þar sem börnunum er sýndur slökkvibúnaður og brugðið er á leik. Brunaæfing fyrir börn og starfsmenn eru tvær á ári og eru þær haldnar vor og haust.

7. Foreldrasamstarf

7.1 Foreldrafélag, foreldraráð

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag, fimm foreldrar eru í stjórn og tveir til vara sem sitja stjórnarfundum. Einn fulltrúi starfsmanna situr stjórnarfundum. Í lögum um leikskóla segir: "Kjóra skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn". Í foreldraráði Krógabólssátú þrjú foreldrar ásamt leikskólastjóra og var fundað tvisvar sinnum á skólaárinu. Á fundunum var farið yfir hlutverk ráðsins, skóladagtal leikskólans, starfsáætlun leikskólans, rætt um viðburði, aðbúnað og fleira.

7.2 Foreldrafundir

Foreldrafélagið hélt sex fundum þar sem farið var yfir dagskrá vetrarins o.fl. Leikskólastjóri sat fundina með foreldrafélaginu sem voru haldnir í leikskólanum. Stjórnin er með facebooksíðu þar sem öll samskipti milli stjórnar og leikskólans fara fram. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 18. október 2017 kl. 20:00. Fyrst voru almenn aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar og kosið í stjórn og foreldraráð. Síðan var fyrirlestur um *Kvíða barna*. Fyrirlesari var Guðný Dóra Einarsdóttir sálfræðingur á Fræðslusviði Akureyrarbæjar. Léleg mæting var á aðalfundinum.

7.3 Foreldraviðtöl - upplýsingastreymi

Allir nýir foreldrar eru boðaðir á kynningarfund í leikskólann áður en barnið byrjar og fá þeir foreldrahandbók með öllum helstu upplýsingum um leikskólann senda áður í tölvupósti. Foreldrar koma einnig í viðtal við deildarstjóra þar sem farið er yfir starfsemi deildarinnar og foreldrar gefa upplýsingar um barnið. Foreldrar nýrra barna fara í þriggja til sex mánaða viðtal við deildarstjóra og síðan fá foreldrar viðtal þar sem farið var yfir þroska, líðan og Heilsubók barnsins. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtölum ef þeim finnst það þurfa.

Haustið 2017 voru mörg eldri leikskólabörn á biðlistanum inn í leikskólann en ástæðan var að leikskólinn Hlíðarból var lagður niður 7. júlí og óskuðu margir foreldrar eftir leikskólaplássi í Krógabóli. Vegna þessa urðu níu þriggja ára börn áfram í Hreiðrinu og

deildin var í fyrsta skipti í langan tíma með þrjá aldurshópa, þar sem tveir árgangar voru teknir þar í aðlögun. Aðlögun inn í leikskólann gekk ágætlega en alltaf má bæta skipulagið. Kennarar voru sammála um að tvískipta hefði þurft aðlöguninni til að geta haft fleiri kennara í leikskólanum. En eins og kemur fram í skýrslunni var Krógabóli með Skólaleik í Síðuskóla þar sem fjórir kennarar leikskólans voru. Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum, á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það nám og starf sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurum, öðrum börnum, foreldrum og starfinu í leikskólanum. Foreldrarnir eru inni á deild með börnum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og deila út verkefnum. Á fjórða degi koma börnin um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega.

Dagatöl voru gefin út í hverjum mánuði og fréttabréf að hausti. Heimasíða leikskólans er einn aðal upplýsingamiðill til foreldra og annarra um starfið í leikskólanum. Haustið 2015 tók leikskólinn í notkun facebooksíðu fyrir hverja deild þar sem allar helstu upplýsingar um starfið og myndir eru settar inn. Vegna nýrra persónuverndarlaga sem tóku gildi 15. júlí 2018 þá má leikskólanum ekki lengur birta myndir af börnum í leik og starfi á facebook síðum skólans en síðurnar eru áfram notaðar fyrir skilaðboð og upplýsingar til foreldra. Kynningarfundir deilda á vetrarstarfinu voru í lok september frá kl. 8:15-9:15 í fundarsal Glerárkirkju. Mæting var misjöfn eftir deildum allt frá 45% og upp í 70%. Þessa fundi viljum við aðeins taka til endurskoðunar þar sem mæting foreldra minnkar með hverju ári. Foreldrar eru alltaf velkomnir inn í leikskólann til að fylgjast með námi og starfi barnsins. Leikskólinn býður foreldrum á skólaárinu í ákveðnar heimsóknir í leikskólann s.s. foreldrafundi, foreldrakaffi, opið hús o.fl. Einnig er ömmu- og afa kaffi einu sinni á skólaárinu. Foreldrasýningar á þessu skólaári voru haldnar í mars og apríl. Þá var foreldrum boðið að koma á skemmtun hjá börnunum. Foreldrafélagið heldur alltaf sína árlegu vorhátíð í maí þar sem allri fjölskyldunni og jafnvel ömmu og afa er boðið að koma og skemmta sér. Í ár var haldin sýning á verkefnum barnanna frá vetrinum á vorhátíðinni.

8. Samstarf – fræðsla, ráðgjöf

8.1 Skóladeild – leikskólafulltrúi – leikskólaráðgjafi

Leikskólaráðgjafi hefur komið í leikskólann á hverju ári og fylgst með inn á deildum. Hann hefur gert greinagerð eftir heimsóknina og bent á allt það góða í starfi leikskólans og einnig komið með ráðleggingar/ábendingar ef hægt er að bæta starfið. Þetta hefur kennurum fundist gott fyrirkomulag.

8.2 Sérfræðipjónusta leikskólans

Sérkennslustjóri leikskólans hefur verið í góðu samstarfi við Fjölskyldudeild. Sérkennsluráðgjafi Fjölskyldudeildar kemur reglulega í leikskólann og sérkennslustjóri leikskólans sér um samstarfið. Þar sem mikið er af sérþörfum hér við leikskólann hafa ráðgjafar frá fjölskyldudeild sést hér oftár en áður. Síðan hefur talmeinafræðingurinn Kristín María komið í leikskólann einu sinni í viku og tekið þau börn sem eru í talkennslu hjá henni. Þetta er mjög góð þróun og finnst kennurum skólans þetta eitthvað sem ætti að vera til framtíðar.

8.3 Háskólinn á Akureyri og Menntavísindasvið HÍ

Miðstöð skólaþróunar HA var með fræðslu og stuðning til kennara og leiðbeinenda í eflingu málþroska og málskilnings leikskólabarna og aðstoð við að innleiða snjalltækni í þróunarverkefninu *Nýsköpun og snjalltækni – að koma til móts við nýja kynslóð*. Ráðgjafar á vegum Miðstöð skólaþróunar HA í þessu verkefni eru Íris Kristinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir.

8.4 Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í samstarfi við Síðuskóla. Í september ár hvert er fundur með fyrstu bekkjar kennurum Síðuskóla þar sem heimsóknir vetrarins eru skipulagðar. Fimm ára börnin fóru í þrjár grunnskólaheimsóknir; eina fyrir og tvær eftir áramót og grunnskólabörnin (6 ára) komu í eina heimsókn í leikskólann í desember þar sem elstu börn leikskólans buðu grunnskólabörnunum í kakó. Í mars var elstu börnunum boðið á skólaskemmtun í Síðuskóla. Í maí fóru síðan elstu börn leikskólans ásamt börnum úr 1. bekk í Síðuskóla í vettvangsferð með nesti og tilheyrandi. Hefð er orðin fyrir því á degi íslenskrar tungu að það komi börn úr 4. bekk í heimsókn og lesi fyrir börnin. Einnig má

geta þess að aðra hverja viku börn leikskólans í íþróttir í Síðuskóla sem er góð aðlögun fyrir þau börn sem koma til með að sækja þann skóla.

8.5 Annað samstarf, fræðsla eða ráðgjöf

Samstarf við framhaldsskóla:

Þrír nemar á öðru ári, á leikskólakennarabraut, í Háskólanum á Akureyri voru í verknámi dagana 5. mars til 9. mars.

Heimsóknir í leikskólann:

- Kennarar og starfsmenn frá leikskólanum Krflakoti á Dalvík komu í heimsókn 1. nóvember 2017 og fengu kynningu á námskrá leikskólans, læsi og snjalltækni og heilsustefnunni.
- Fimm aðstoðarleikskólastjórar og einn talmeinafræðingur frá Akranesi komu í heimsókn 6. nóvember 2017. Óskuðu þeir eftir að fá kynningu á aldursmiðari námskrá leikskólans og þróunarverkefninu *Læsi og snjalltækni í leikskóla*.
- Kennarar og starfsmenn frá leikskólanum Furuskógum komu í heimsókn 20. apríl 2018 og fengu kynningu á námskrá leikskólans, læsi og snjalltækni og heilustefnunni.

9. Innra mat og umbóta- eða þróunarstarf

9.1 Hvað var metið?

Leikskólinn hefur innleitt og fest í sessi þrjú mats- og skráningarlista. Þeir eru:

1. *Heilsubók barnsins* er bók sem fylgir barninu á meðan það er í leikskólanum. Í hana er skráður almennur þroski barnsins og eru skráningar gerðar tvisvar á ári, í október og í mars.
2. *EFI - 2* er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Málþroskaskimunin kannar málskilning og tjáningarfærni barna milli þriggja og fjögurra ára.
3. *Hljóm - 2* er próf í leikjaformi sem kannar hljóð- og málvitund fimm ára barna.
4. Ef um frávik í þroska er hjá barni þá hefur leikskólinn til umráða Íslenska þroskalistann, Smábarnalistann, Tras og Aseba listann. Einnig eru matslistar komnir inn í aldursmiðuðu námskránnar þar sem starfið er metið a.m.k. tvisvar á ári.

5. Leikskólinn er að innleiða nýja starfsáætlun fyrir hverja deild en hún er unnin að hausti af kennurum deilda og síðan er gert mat að vori. Með þessari starfsáætlun og mati er einnig verið að safna skriflegum heimildum fyrir hverja deild sem fer síðar á Héraðsskjalasafn Akureyrar.
6. Akureyrarbær er með samning við Skólapúlsinn sem heldur utan um kannanir hjá bæði starfsmönnum og foreldrum. Foreldrakönnun fór fram í febrúar og voru niðurstöður kynntar kennurum að hausti.

9.2 Meginniðurstaða

Kennarar leikskólans eru almennt ánægðir með skráningar í Heilsubók barnsins, þar er hægt að fylgjast með heilsu og þroska barnsins og grípa inn í ef um frávík í þroska kemur fram. Einnig eru öll börn um 3,5 ára aldur tekin í EFI-2 skimun þar sem tjáning og skilningur er metinn. Hljóm-2 er skimun sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum.

Almenn ánægja var með hvernig unnið var með heilsustefnuna en huga mætti betur að andlegu hlið bananna, þ.e. að kenna börnunum að ræða um tilfinningar og flétta þeirri vinnu betur inn í daglegt starf. Einnig mætti gera betur í agamálum, nota þá tækni og þau kennslutæki sem við höfum og finna hvað virkar. Nota meira myndrænt skipulag eða aðrar sjónrænar vísbendingar í hegðunarstjórnun. Ánægja er með hvernig málræktin gengur og mikil ánægja með málræktarvegginn en búið er að safna miklu efni og kennslugögnum fyrir málörvun sem hafa verið flokkuð og gerð aðgengileg fyrir kennara. Frá því að málræktin byrjaði hafa börnin í Krógbóli verið að koma betur út úr Hljóm- 2 heldur en áður.

9.3 Umbóta- og þróunarstarf

Á árinu var starfandi aganefnd sem lagði inn sameiginlegar agareglur fyrir allar deildir leikskólans. Lífsleikninefnd sem heldur utan um kennsluefnið *Lífsleikni í leikskóla* og miðlar nýjum verkefnum. Málörvunarnefnd sem hefur unnið markvisst að útbúa málörvunarverkefni og gera þau aðgengileg fyrir kennara leikskólans. Málörvunarnefndin ásamt verkefnastjóra heldur utan um þróunarverkefnið *Nýsköpun og snjalltækni – að koma á mótis við nýja kynslóð*.

Heilsueflandinefnd heldur utan um heilsustefnu leikskólans, hvetur fólk áfram og er

leiðandi fyrir heilsubók barnsins.

Niðurstöður komu úr Skólapúlsinum og voru þær jákvæðar og ánægjulegar fyrir skólann. Foreldrar voru almennt sáttur með helstu þætti leikskólastarfsins svo sem líðan barnanna, samskipti, viðfangsefni, aðbúnað og starfshætti. Aðstoðarskólastjóri tók saman helstu niðurstöður og kynnti þær á starfsmannafundi.

Lokaorð

Aðlögun í ágúst 2018 gekk vel en óvenju stór hópur tveggja ára barna voru á biðlista inn í leikskólann. Vegna þessa var ákveðið að breyta Spóanum í tveggja ára deild þannig að á komandi skólaári er leikskólinn með tvær tveggja ára deildir. Á Spóanum eru 15 börn fædd 2016 og í Hreiðrinu 20 börn fædd 2016 og 4 börn fædd 2017. Breyta þurfti skiptiaðstöðu á snyrtingu barna við Lóuna og Spóann, smíðuð var ný handlaug fyrir börnin, bætt við öðru skiptiborði og tveir nýjir vaskar settir upp, það er skolvaskur og handlaug fyrir kennara. Kaffistofa og deildir voru málaðar og húsgögn á kaffistofu endurnýjuð. Einnig voru gerðar nokkrar endurbætur á leikskólalóðinni, sandkassi lagaður og gerður aðgengilegri fyrir yngstu börnin, gamalt gormatæki var fjarlæggt og nýtt kom í staðinn og hluti af girðingu máluð.

Skólaárið gekk vel. Mikil fagmennska og metnaður einkennir starfsmannahópinn sem er alltaf til í að gera gott betra. Kennsluefni leikskólans skilaði sér vel til barnanna og mikill áhugi er í starfsmannahópnum að þróa áfram málrækt og málskilning leikskólabarna sem og að auka ánægju þeirra í leikskólanum.

Anna R. Árnadóttir, skólastjóri